

## REGLUR

### Garðabæjar um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Samkvæmt 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 þá skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu.

#### 1. gr.

##### *Réttur til þjónustu og inntak hennar.*

Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldu þess og gefa því möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili í Garðabæ og í Sveitarfélaginu Álftanesi og er samningsbundin til ákveðins tíma.

Þjónustan getur einnig staðið til boða fyrir fatlaða einstaklinga sem eru 18 ára og eldri og fyrir fatlaða foreldra.

Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu og er að jafnaði 2-5 sólarhringar í mánuði. Semja má þó um aðra tilhögun á framkvæmd þjónustunnar.

Almennt er ekki gert ráð fyrir því að barn geti á sama tíma verið með stuðningsfjölskyldu og fengið þjónustu skammtímavistunar.

#### 2. gr.

##### *Umsókn og mat á þjónustuþörf.*

Sótt er um þjónustu stuðningsfjölskyldu á fjölskyldusviði Garðabæjar á þar til gerðum eyðublöðum.

Mat á þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu fer fram í samráði við foreldra/forsjáradila þess. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarpunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar. Stuðst er við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.

Afgreiðsla umsókna fer fram á afgreiðslufundum á fjölskyldusviði. Lagt er mat á umsóknir, magn þjónustunnar ákveðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna.

Niðurstaða afgreiðslufundar skal berast umsækjendum innan 6 vikna frá því að umsókn barst.

#### 3. gr.

##### *Val á stuðningsfjölskyldu.*

Fjölskyldusvið Garðabæjar leitast við að tryggja að fjölskyldur séu til reiðu sem stuðningsfjölskyldur.

Við val á stuðningsfjölskyldu skal leggja áherslu á að stuðningsfjölskylda uppfylli þau skilyrði sem ákvörðun byggist á.

Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti. Annars vegar að leyfi sé veitt stuðningsfjölskyldu á grundvelli umsóknar þar að lútandi og hins vegar að tekin sé ákvörðun hverju sinni um að ganga til samninga við tiltekna fjölskyldu um að veita þessa þjónustu.

#### 4. gr.

##### *Gagnaöflun og mat á aðstæðum.*

Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin þarf að afla eftirfarandi gagna frá verðandi stuðningsfjölskyldu:

- a. Búsetuvottorðs.
- b. Heilbrigðisvottorðs.
- c. Samþykkis allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að Garðabær afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem fram kemur hvort viðkomandi hafi hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

- d. Samþykkis forsvarsmanna stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili hennar frá öðrum aðilum, s.s. vinnuveitendum, félagsþjónustu annarra sveitarfélaga eða heilbrigðisfulltrúa.
- e. Staðfestingar um að eldvarnir og tryggingar á heimilinu séu fullnægjandi.
- f. Staðfests yfirlits af starfi með börnum.
- g. Upplýsinga um önnur leyfi eða verkefni annaðhvort fyrir fötluð börn eða skv. barnaverndarlögum.

Hagir fjölskyldunnar eru kannaðir með heimsóknum og viðtölum og skrifuð greinargerð um niðurstöðu könnunar. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og gefinn kostur á að koma að athugasemdom. Sé stuðningsfjölskylda staðsett utan lögheimilissveitarfélags barnsins, fer úttekt fram á grundvelli umboðs sem félagsmálastjóri lögheimilissveitarfélags barnsins veitir starfsmanni félagsþjónustu þar sem stuðningsfjölskyldan á lögheimili.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna í senn nema um systkini sé að ræða.

Við leyfisveitingu skal það tekið skýrt fram í leyfisbréfi að forsvarsmenn stuðningsfjölskyldu skuli tafarlaust tilkynna um allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar.

Við endurnýjun leyfis er metið hvort leggja beri fram ný gögn eins og um nýja umsókn sé að ræða. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en 3 ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar, auk þess sem starfsmaður félagsþjónustu skal hafa heimsótt heimili á því tímabili.

#### 5. gr.

##### *Greiðslur til stuðningsfjölskyldu.*

Stuðningsfjölskyldur gera verksamning við Garðabæ.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna skulu að jafnaði vera sem hér segir:

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu vegna barns í 1. fl. eru 15.700 kr. á sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu vegna barns í 2. fl. eru 12.500 kr. á sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu vegna barns í 3. fl. eru 9.300 kr. á sólarhring.

Sé þjónusta stuðningsfjölskyldu veitt á grundvelli leyfis skal tiltekið í samningi að stuðningsfjölskyldu sé óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar.

#### 6. gr.

##### *Samningur.*

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra/forsjáraðila og fjölskyldusviðs.

Í samningnum kemur m.a. fram:

fjöldi sólahringa í mánuði,

almennar upplýsingar um samningsaðila,

verkefni stuðningsfjölskyldunnar.

Samningur skal endurnýjaður/framlengdur árlega.

Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið.

#### 7. gr.

##### *Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar í fjölskylduráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Stuðningsfjölskylda skrifar undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu.

## 8. gr.

*Kynning á ákvörðun.*

Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er en sjá skal jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Kynna skal umsækjanda skriflega niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem kostur er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skulu forsendur synjunar rökstuddar.

Ef umsókn er sett á biðlista skal umsækjanda tilkynnt um það.

## 9. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

## 10. gr.

*Málskotsréttur.*

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið afgreiðslu fjölskyldu-sviðs til fjölskylduráðs Garðabæjar, Garðatorgi 7, og skal það gert skriflega innan 4 vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um synjun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál í velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að tilkynning barst um ákvörðunina.

## 11. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfsmenn fjölskyldusviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs.

## 12. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar sem settar eru á grundvelli 55. gr. laga nr. 59/1992, sbr. 41. gr. laga nr. 152/2010 um málefni fatlaðra voru samþykktar í fjölskylduráði á fundi 23. febrúar 2012 og bæjarstjórn Garðabæjar 1. mars 2012 öðlast þegar gildi.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 1. mars 2012.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.